

## Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Skólaskrifstofu Austurlands, fimmtudaginn 5. mars 2009. Þar sem veður gerðust válynd í morgun ákváðu allir stjórnarmeðlimir, nema einn (sá allra hraustasti) að vera í símasambandi. Í síma voru: Svanhvít, Halldóra, Elfa og Einar. Á Reyðarfirði sátu Þráinn og Sigurbjörn (og borðuðu allt góðgætið).

Svanhvít bauð fundarmenn velkomna og setti fund klukkan 16:05.

### 1. Stjórnin skipti með sér verkum

Ekki var búið að ganga frá formlegri verkaskiptingu eftir aðalfund. Það gert á fundinum og verður verkaskipting sem hér segir: Formaður er Svanhvít, varaformaður er Þráinn og ritari, Halldóra.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### 2. Starfsmannamál

- a) Magdalena Gunnarsdóttir, sálfræðingur, hefur sagt upp störfum og frá og með apríllokum og taka sumarfrí í framhaldinu af því. Hún er í 50% starfi. Sigurbjörn telur að rétt sé í stöðunni að segja upp samningi við Fjarðabyggð, varðandi 50% starfshlutfall í tengslum við félagsþjónustu þeirra. Sá samningur hefur dekkjað hálfu stöðu þannig að engar breytingar yrðu í raun á starfsmannahaldi. Aðalheiður Jónsdóttir og María Huld Ingólfssdóttir eru áfram báðar í fullu starfi sálfræðinga.
- b) Sigurbjörn hefur rætt við alla starfsmenn. Halldóra er í 50% starfi og Jarprúður í 100%. Ásta María er í 20% og vill gjarnan meira en Sigurbjörn hefur engu lofað með það, þar sem slíkt myndi kalla á aukin fjárútlát.
- c) Talmeinafræðingur á Akranesi, hafði samband við Sigurbjörn eftir áramótin. Hann var að kanna hvaða möguleikar væru í stöðunni hér fyrir austan. Hann gæti komið hingað austur í 2-3 skipti fram á vorið. Kostnaður yrði umtalsverður. Sigurbjörn er þó ekki viss að þetta fyrirkomulag myndi skila því sem við erum að leita og voru fundarmenn sammála því. Sigurbjörn mun gera honum grein fyrir því, að við munum, að svo komnu máli ekki ganga til samninga við hann. Betri kostur væri að fá starfsmann sem er tilbúinn að flytja á svæðið.

### 3. Önnur mál

#### a) *Geðheilbrigðismál*

Sigurbjörn rifjaðu upp með fundarmönnum að í desember var þjónustusamningi við Pál Tryggvason, geðlækni, sagt upp á Akureyri. Í framhaldinu hafa skólaskrifstofunni borist tvö bréf vegna barna, sem hafði verið vísað þangað, þar sem tilkynnt er að þau komist ekki að. Það er að þrengja mikið að í þessum málum og vantar úrræði fyrir börn hér fyrir austan.

Páll var eini barna- og unglingageðlæknirinn sem starfaði á landsbyggðinni og því sorglegt að niðurskurðinn skuli hafa komið niður á þessu sviði.

#### b) *Ráðgjöf vegna barna með einhverfu í samstarfi við Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra og Greiningarstöðvar ríkisins*

Þetta er mjög spennandi samstarf sem er að fara í gang, tengist Vest-Norden verkefninu. Það stendur til að nota fjarfundabúnað í þessu verkefni.

Svanhvít sagði að börnum með einhverfurófseinkennum færi fjölgandi og þetta samstarf því kærkomið viðbót við þá þjónustu sem fyrir er.

c) *Samstarfsverkefnið „Klókir krakkar“ (Cool kids)*

Sálfræðingur frá BUGLINU, kemur hingað austur og er með hópmeðferðarprógramm fyrir 8- 12 ára börn og foreldra, þar sem unnið er með kvíða. Í hópnum eru 6-8 börn í einu. Orri Smárason, sálfræðingur og María Huld Ingólfssdóttir sálfræðingur eru með í verkefninu og munu væntanlega sjá um þetta verkefni í framtíðinni. Þarna eru lögð inn góð ráð og úrræði fyrir fólk sem starfar með börnum. Gott að geta sinnt mörgum börnum í einu.

d) *Umsókn í endurmenntunarsjóð grunnskóla*

Umsóknarfrestur rennur út á mánudaginn. Sigurbjörn er búinn að sækja um fyrir eftirtalin verkefni:

- i. Bekkjarfundi (Olweus)
- ii. Hegðunarstjórnun og agamótun (Aðalheiður og María Huld)
- iii. Numicon – stærðfræðinámskeið
- iv. Stóra námskeiðið / ráðstefnan sem verður 12. og 13. ágúst.  
Þar eru um 12 aðilar sem koma þar að:

**FYRRI DAGUR:**

Jóhann Ingi Gunnarsson, sálfræðingur verður með innlegg fyrir allan kennarahópinn Guðbjörg Pálsdóttir, verður með málstofu í stærðfræði (algebra eldri / stærðfræði yngri) Ólafur Oddson, fræðslufulltrúi, Skrifað í skóginn  
Helga Elísabet Guðlaugsdóttir, þroskaþjálfari, fjallar um einhverfu.

**SEINNI DAGUR:**

Fulltrúar frá menntamálaráðuneytinu, námskrár, reglugerðir o.fl.:  
Gunnlaug Hannesdóttir, kennari úr Snælandsskóla (nýta það sem er notað)  
Björg Eiríksdóttir, með fjölbreyttar kennsluáðferðir  
Hrefna Egilsdóttir, útikennsla

Kynningar frá skólum:

Elfar Jónsson – Mýrin  
Berglind Einarsdóttir – Söguaðferðin / verkefnamöppur  
Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir – Grenndarnám  
Guðrún Íris Valsdóttir – teymisfundir  
Viðar Jónsson / Vilhelm Jónasson – Íþróttir og útivist

Sigurbjörn er búinn að bjóða Skólastjórafélaginu og Kennarasambandi Austurlands að taka þátt í þessu stóra námskeiði þannig að hægt væri að samnýta dagana í aðalfundi og árhátíðir. Skólastjórafélagið hefur svarað og leggur til að þetta verði reynt annað hvert ár. Sigurbjörn hefur ekki fengið svar frá KSA.

- v. Jafnréttisfræðsla í skólum (það yrði í september).  
Jafnréttisstofa myndi fylgja því eftir.

Samtals er Sigurbjörn að sækja um rúmlega eina og hálf milljón. Niðurstöður gætu legið fyrir eftir um mánuð.

e) *Menntastefna Fjarðabyggðar*

Sigurbjörn hefur tekið þátt í vinnu með Fjarðabyggð þar sem unnið er að menntastefnu fyrir sveitarfélagið.

f) *Dreifmenntun.*

Þann 3. mars var fundur um dreifmenntun í samstarfi við ÞNA. Þar var verið að kynna dreifmenntarverkefnið sem er fyrir vestan. Verið var að vekja athygli á þessu verkefni en það býður upp á mikla möguleika, t.d. í tengslum við valgreinar í eldri bekkjum grunnskóla. Verkefnið byggist á samstarfi skóla með notkun fjarfundarbúnaðar við kennslu.

Á fundinum voru um 20 manns frá 6 stöðum hér fyrir austan.

Í framhaldinu sagði Sigurbjörn sagði frá því að menn væru í samstarfi við Þekkingarnetið og til stæði að taka þátt í verkefninu: Að hlúa að börnum með sérþarfir.

g) *Tvær nýjar reglugerðir*

- a. Sprotasjóður leik-, grunn- og framhaldsskóla
- b. Matsnefnd leik-, grunn- og framhaldsskólakennara

h) *Skólaráð*

13. febrúar fór Sigurbjörn á fund með skólastjórum, þar sem hann fjallaði um reglugerðina um skólaráðin. Algjör bylting í aðkomu að skólunum þar sem samfélagið á að taka virkari þátt í að móta skólann. Enn er spurningum ósvarað, sérstaklega um það sem lýtur að litlum sveitarfélögum.

i) *Lokahátíðir Stóru upplestaark.*

Sigurbjörn sagði frá því að lokahátíðir Stóru upplestrarkeppninnar fari fram sem hér segir:  
31. mars, klukkan fimm í Bláu kirkjunni á Seyðisfirði  
1. apríl, klukkan fimm í Nesskóla í Neskaupstað

j) *Auglýsingar á kennarastöðum*

Sigurbjörn hefur rætt við skólastjóra, vegna fyrirliggjandi auglýsinga á störfum, nú er óvenjulegt ástand og menn óttast að það verði ofmannað.

Auglýsa skal á opinberum vettvangi, t.d. blöð á landsvísu sem borin eru út eða á heimasíðum sveitarfélaga. Lögfræðingur sambandsins telur nægjanlegt að auglýsa á heimasíðum viðkomandi sveitarfélags og síðan á heimasíðu Skólaskrifstofunnar. Sigurbjörn sendi erindi í menntamálaráðuneytið í morgun og því verður svarað formlega. Því það gæti verið að undanþágunefndin gerði athugasemdir, varðandi þetta fyrirkomulag. Sigurbjörn mun senda niðurstöður á alla skólastjóra á Austurlandi, þegar svar berst frá ráðuneytinu.

Ekki fleira rætt og fundi slitið klukkan 17:09  
Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, fundarritari